



KJÓSARVEITUR

Hollráð um heitavatnsnotkun

Heita vatnið er ein af okkar dýrmætustu auðlindum og því mikilvægt að nýta heita vatnið vel. Við gleymum oft að þessi orka telst til munaðar víða um heim. Á Íslandi hefur notkun á heitu vatni aukist mikið undanfarin ár og er það mikil áskorun fyrir hitaveitur að anna eftirspurn. Berum virðingu fyrir þeirri auðlind sem jarðhitavatn er og látum það ekki renna að óþörfu.

Hér að neðan má finna nokkur góð ráð um hvernig við sýnum ábyrga heitavatnsnotkun:

Hitakerfi

Heimilisnotkun á heitu vatni er að langstærstum hluta húshitun, eða um 90%. Því er lykilatriði að kerfið sem notað er til að halda hita á húsnæði sé í lagi og rétt stillt til þess að nýta vatnið á skynsaman hátt.

Mælt er með því að fá fagfólk til að yfirfara hitakerfi heimila reglulega.

Best er að ofnar hafi lofthitastýrða ofnloka, en þeir stjórna af lofthita. Þeir virka sem sjálfvirk stýring á herbergishita og er því besta stýringin til að viðhalda þægilegum herbergishita. Þeir eru oftast staðsettir á efri tengingu inn á ofn. Þegar kalt er í veðri ættu lofthitastýrðir ofnar að taka við sér og hita herbergið eftir þörfum.

Yfirleitt er óþarfi að stilla ofna á hærri stillingu en miðju stillingu, sem er 2-3 á flestum hitastillum. Ef ofnar bregðast ekki við hitabreytingum í herbergi er sniðugt að láta pípara kíkja á kerfið.

Því hærri sem stillingin er á ofninum, því meira vatn fer í gegnum hann. Gott er að muna að ef ofn er heitari en líkamshiti neðst, er hann of hátt stilltur eða of lítill fyrir rýmið sem hann á að hita.

Þegar kalt er í veðri er vatnið heitara en ella og þá geta ofnar sem eru á hæstu stillingu orðið hættulega heitir.

Einfaldar aðgerðir heima við

Hyljum ekki ofna með gardinum eða húsgögnum, mikilvægt er að tryggja að loft leiki um hitaskynjara á ofni til að hitinn nái að flæða um herbergið og nýtast vel.

Hiti leitar upp. Opinn gluggi beint fyrir ofan ofn hleypir hitanum út í stað þess að hita herbergið. Ef við þurfum að lofta út er betra að hafa glugga vel opinn í 10 mínútur og loka honum svo í stað þessa að hafa gluggann stöðugt opinn og hleypa hitanum út.

Ef ofninn hitnar ekki þó stillingu sé breytt þá getur pinninn á hitastillinum verið fastur. Þá er hægt að taka hitastillinn af (toga upp/toga að sér) og ýta aðeins við pinnanum til að liðka hann. Ef það virkar ekki þarf þó að hafa samband við pípara. Ýmis gagnleg myndbönd eru til á netinu um hvernig er best að gera þetta.

Hvað þarf að skoða betur

Ofnar sem suða nýta heita vatnið illa og þá þarf pípari að yfirfara ofna. Ástæðan er gjarnan við stillinguna en ekki í ofninum sjálfum. Það borgar sig fljótt upp að láta laga slíkt.

Handklæðaofnar eru þægilegir en mikilvægt að fylgjast vel með að þeir hitni ekki of mikið því þeir eiga það til að byrja að nýta heita vatnið illa og hækka reikninginn óþarflega mikið.

Bank í ofnum er oft vegna lofta inni í þeim og þá virka þeir ekki sem skyldi. Hægt er að losa loftið með því að tappa loftinu af með sérstökum lykli sem til er á flestum heimilum. Tappi til að losa loftið er oftast staðsettur ofarlega á ofninum. Gott er að hafa ílát undir þegar þetta er gert því stundum koma dropar með.

Þægindin okkar

Heitir pottar eru nokkuð sem margir líta á sem þessi auka þægindi heima við og í sumarhúsinu. Á kaldasta tíma ársins rýkur þó hitinn hratt burt og nýtist illa. Þá er betra að sleppa pottinum.

Vel einangraður pottur með góðu loki heldur hitastigi pottsins stöðugra en opinn pottur. Ef sírennsli er í pottinum þá er lyklatríði að það sé í takmörkuðu magni.

Snjóbræðsluferfi geta þurft mikið heitt vatn og mikilvægt að fylgjast með stýringu þeirra til að þau séu ekki að nota of mikið og hækka reikninginn. Við tökum oft ekki eftir því að heitt vatn renni illa nýtt í gegnum snjóbræðsluna okkar fyrr en reikningurinn fyrir notkuninni kemur.

Bað eða sturta? Að fylla baðkar notar um það bil 30 lítrum meira af heitu vatni en sturtan eða 0,03 m³. Það hefur því mjög lítil áhrif á heildarnotkun heimilisins hvort er valið.